



Úthlutunarreglur vegna úthlutunar styrkja úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands vestra

Almennt:

1. *Tilgangur:* Tilgangur Uppbyggingarsjóðs er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni á Norðurlandi vestra.
2. *Samkeppnissjóður:* Uppbyggingarsjóðurinn er samkeppnissjóður. Umsóknir eru metnar út frá þeim markmiðum og áherslum sem koma fram í Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024, Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og samningi um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024 sem var undirritaður 12. nóv. 2019.
3. *Úthlutunarnefnd:* Úthlutunarnefnd er kjörin á ársþingi/haustþingi SSNV til tveggja ára í senn, sbr. lið 2.3 samnings um Sóknaráætlun Norðurlands vestra 2020-2024. Nefndin er skipuð 3 fulltrúum. Hlutverki nefndarinnar er nánar lýst í starfsreglum hennar sem samþykktar voru á ársþingi SSNV 2020. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Úthlutunarnefnd hefur heimild til að færa verkefni á milli flokka menningar og atvinnu- og nýsköpunar ef efni umsóknar fellur betur að öðrum flokki en sótt er um í.
4. *Fagráð:* Ársþing/haustþing SSNV kýs fulltrúa í tvö fagráð til tveggja ára í senn; a) fagráð menningar sem skipað er 5 fulltrúum og b) fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar sem skipað er 5 fulltrúum. Hlutverki fagráðanna er nánar lýst í starfsreglum þeirra sem samþykktar voru á ársþingi SSNV 2020.

Umsóknarferli:

5. *Styrkir:* Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra styrkir:
 - a) Verkefni á sviði menningar.
 - b) Stofn- og rekstrarverkefni stofnana (s.s. safna, setra og listamiðstöðva) á sviði menningarmála. Sjá þó lið 7. Söfn og setur: Opið er fyrir ferðamenn a.m.k. júní-ágúst ár hvert, lágmark 4 klst. á dag, 6 daga vikunnar, Listamiðstöðvar: Tekið er á móti íslenskum og erlendum listamönnum til lengri eða skemmri dvalar árið um kring.
 - c) Verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar.
6. *Auglýsing:*
 - a) Á árinu er ein aðalúthlutun. Heimilt er að auglýsa oftast eftir umsóknum ef ástæða þykir til.
 - b) Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki á heimasíðu SSNV og sem flestum miðlum á starfssvæði SSNV. Einnig er heimilt að auglýsa utan svæðis.
7. *Umsækjendur:* Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög með lögheimili á Norðurlandi vestra. Heimilt er að styrkja verkefni sem framkvæmd eru í landshlutanum og unnin að hluta til eða öllu leyti í samvinnu við aðila á svæðinu, þó að aðalumsækjandi sé búsettur utan svæðis. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Uppbyggingarsjóði. (Gr. 2.4 í samningi um Sóknaráætlun Nl. v.)
Styrkir til stofnana, opinberra hlutafélaga og samtaka í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga sem eru leiðandi aðilar skulu samanlagt að hámarki vera sem hér segir:
Vegna verkefna sem tilheyra a) lið 5. greinar: 20% af heildarframlagi til þessa liðar.
Vegna verkefna sem tilheyra b) lið 5. greinar: Ekki styrkhæft

Vegna verkefna sem tilheyra c) lið 5. greinar: 20% af heildarframlagi til þessa liðar.

8. *Framkvæmd:* Starfsmenn SSNV, í umboði úthlutunarnefndar, sjá um að auglýsa eftir umsóknum, taka við umsóknum og koma þeim til úthlutunarnefndar.
9. *Umsóknir:* Umsóknir skulu vera rafrænar. Sækja skal um á umsóknargátt sem er á heimasíðu SSNV. Í umsókninni skal koma fram hvernig verkefnið styður við markmið Sóknaráætlunar Norðurlands vestra. Einnig skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, ítarleg fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjanda/umsækjendur. Upplýsingar í umsókn og öll fylgigögn skulu vera á íslensku eða ensku. Sé umsóknin á ensku skal fylgja með stutt greinargerð um efni umsóknarinnar á íslensku. Umsókn telst móttækin ef umsækjandi hefur fengið staðfestingu þess efnis af umsóknarvefnum. Umsækjendur eru hvattir til að prenta út staðfestinguna ef upp koma vafatilfelli en þá þarf umsækjandi að geta sýnt fram á staðfestingu á móttöku umsóknarinnar. Lagt er upp með að styrkja verkefni til eins árs og framkvæmd eru innan fimmtán mánaða frá úthlutun. Séu verkefni til lengri tíma skal sótt um fyrir þeim verkþáttum sem falla innan úthlutunarársins.
10. Öll fylgigögn, þar með talið staðfestingar samstarfsaðila, skulu fylgja með umsókninni þegar henni er skilað. Ársreikningur síðasta árs skal fylgja umsókn um stofn- og rekstrarstyrk. Starfsmönnum SSNV er heimilt að kalla eftir fullnægjandi gögnum með umsókn og taka þau til greina berist þau innan tveggja virkra daga frá því að óskað var eftir viðkomandi gögnum þrátt fyrir að umsóknarfrestur sé liðinn.
11. *Samstarfsaðilar:* Samstarfsaðilar eru þeir sem koma að fjárstreymi verkefnis, þ.e. þeir sem leggja til verkefnisins í formi vinnu og/eða fjármagns. Ath. að þeir aðilar sem fá allan kostnað greiddan við verkefnið, vinnu, tæki og efni, teljast verktakar, ekki samstarfsaðilar. Skila þarf inn staðfestingu samstarfsaðila með umsókn. Eyðublað um samstarf má finna á heimasíðu SSNV.
12. *Styrkhæfur kostnaður:* Styrkir úr Uppbyggingarsjóði taka til fjármögnunar styrkhæfs kostnaðar í verkefninu. Eftirfarandi atriði eru til leiðbeiningar um hvað telst til styrkhæfs kostnaðar:
 - a) *Laun:* Launakostnaður miðist við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxta til útreiknings launa, nema í aðkeyptri þjónustu sjá e) lið.
 - b) *Vinnuframlag styrkþega og samstarfsaðila:* Þrátt fyrir lið a) skal reikna launaða eða ólaunaða vinnu að hámarki á 5.000 kr./klst.
 - c) *Ferðakostnaður:* Leitast skal við að velja hagkvæmasta ferðamáta hverju sinni.
 - d) *Aðföng:* Gera skal grein fyrir þeim aðföngum sem þarf til verkefnisins, s.s. efni, áhöld og tæki. Heimilt er að telja fram í kostnaðaráætlun kostnað vegna tækjakaupa sem nauðsynleg eru fyrir framgang verkefnis. Veittur er styrkur að hámarki 25% af kaupverði.
 - e) *Aðkeypt þjónusta:* Gera þarf grein fyrir aðkeyptri þjónustu í umsókn. Þátttakendur í verkefninu geta ekki fengið greitt fyrir „aðkeypta“ þjónustu.
 - f) Setja skal inn kostnað án virðisauka hjá umsækjendum sem eru á virðisaukaskrá og hafa rétt til að sækja um endurgreiðslu á virðisauka.

13. *Styrkir úr Uppbyggingarsjóði taka ekki til eftirfarandi þátta:*

- a) Ekki er veittur styrkur til kaupa á fyrirtækjum eða hlutafé, kaupa eða endurnýjun á fastafjármunum, s.s. vélum og tækjum, sjá þó 11 d), né til kaupa á lóð eða húsnæði.
- b) Ekki er veittur styrkur til að kaupa tölvur eða almennan skrifstofubúnað nema þegar um stofn- og rekstrarstyrk á sviði menningar er að ræða.
- c) Sá kostnaður sem fallið hefur til á yfirstandandi ári eða fyrr, vegna þess verkefnis sem sótt er um, er ekki styrkhæfur.
- d) Ekki er veittur styrkur til almenns rekstrarkostnaðar fyrirtækja í hefðbundinni atvinnustarfsemi.
- e) Ekki er veittur styrkur til almenns íþróttastarfs, íþróttaviðburða eða tómstundastarfs.

14. *Minniháttaraðstoð:* Með vísan til reglugerðar ESB nr. 1407/2013 um minniháttaraðstoð (de minimis aid) þarf að fylgja með í umsókn yfirlýsing frá umsækjanda um að opinber stuðningur við hann fari ekki yfir 200 þúsund evrur samanlagt yfir hvert þriggja ára tímabil.

Styrkveitingar:

15. *Úthlutunarnefnd:* Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs tekur ákvarðanir um styrkveitingar að fengnum tillögum fagráðanna. Niðurstaða nefndarinnar er endanleg og ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum. Berist beiðni um rökstuðning við ákvörðun nefndarinnar ber að fylgja ákvæðum laga nr. 37/1993. Sjá Viðauka 1.

16. *Mat á umsóknum:* Allar umsóknir skulu metnar hlutlægt skv. matsblaði sem er fylgiskjal þessara reglna og birt er á heimasíðu SSVN.

- a) Í upphafi er öllum umsóknum gefin einkunn á skalanum 1-10 þar sem lagt er mat á umsóknina skv. listrænu og/eða menningarlegu eða atvinnu og/eða nýsköpunargildi verkefnisins.
- b) Sé einkunnin lægri en 5 þá er umsókninni hafnað og hún ekki tekin til frekari umfjöllunar.
- c) Umsóknir sem fá einkunnina 5 eða hærra eru síðan teknar til frekara mats.
- d) Við úthlutun styrkja þá er sú umsókn sem flest stig fær tekin fyrst til afgreiðslu og svo koll af kolli þar til: a) fjárveiting er uppurin b) ekki eru fleiri umsóknir til afgreiðslu.
- e) Fáí umsókn undir 5 í stigamati fyrir kostnaðaráætlun er fagráði heimilt að leggja til lækun á styrk í samræmi við stigamat.

17. *Styrkir:*

- a) Styrkir úr Uppbyggingarsjóði geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.
- b) Sé styrkur Uppbyggingarsjóðs lægri en sú upphæð sem sótt var um er umsækjanda heimilt að endurskoða lýsingu verkefnis, verk- og tímaáætlun og fjárhagsáætlun til samræmis við styrkuppæð og skal sú endurskoðun þá vera fylgiskjal með samningi.
- c) Einstakur styrkur í verkefni getur ekki verið umfram 20% af áætluðu heildarfjármagni til úthlutunar.
- d) Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefnis og styrkuppæð.

Framkvæmd:

18. *Ábyrgð:* Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins. Umsækjandi ber einnig ábyrgð á að öllum gögnum vegna umsóknar og framvindu verkefnis sé skilað innan tilskilins tímafrests.

19. *Samningur:* Starfsmenn SSVN sjá um samningsgerð, dagleg samskipti og eftirfylgni við styrkþega. SSVN og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita SSVN upplýsingar um framkvæmd verkefnisins þegar og ef eftir því er leitað.

20. *Framvindu- og lokaskýrslur:* Framvindu- og lokaskýrslur skulu vera á rafrænum eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu SSNV.

Upplýsingar í framvindu- og lokaskýrslum skulu vera á íslensku eða ensku.

Skila þarf afriti af fjárhagslegum fylgiskjöllum (reikningum á viðurkenndu reikningsformi, greiðslukvittun skal fylgja) með lokaskýrslu (skönnuðum) vegna verkefna sem fá styrki að upphæð yfir 500.000 kr.

Í kynningarefni verkefnis skal geta stuðnings Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.

21. *Greiðslur styrkja:*

- a) *Styrkir sem eru ein milljón króna eða lægri:* Heimilt er að greiða styrkinn í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, allt að 50%, er greiddur við upphaf verkefnisins ef styrkhafi óskar þess. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefninu er lokið og styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
- b) *Styrkir sem eru hærri en ein milljón króna:* Við undirritun samnings er heimilt að greiða 30% samningsupphæðar. Heimilt er að greiða allt að 40% styrkuppheðar við skil á framvinduskýrslu og skal þá a.m.k. 70% af verkefninu lokið, skv. kostnaðaráætlun. Lokagreiðsla fer fram að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
- c) *Stofn- og rekstrarstyrkir á sviði menningar:* Við undirritun samnings er heimilt er að greiða 30% samningsupphæðar. Heimilt er að greiða næstu 40% styrkuppheðarinnar á miðju samningstímabili skv. ákvæðum í samningi. Lokagreiðsla, 30%, fer fram að verkefni loknu þegar styrkhafi hefur skilað fullnægjandi lokaskýrslu.
Séu styrkir 1.000.000 kr. eða lægri þá gildir reglan í a-lið.
- d) Ef ekkert verður af verkefninu fellur styrkur frá Uppbyggingarsjóði niður. Verði verulegar breytingar á verkefninu, án samþykkis SSNV, er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti.
- e) Ekki er hægt að greiða út styrk vegna nýrra verkefna fyrr en gengið hefur verið frá eldri verkefnum viðkomandi verkefnastjóra.

22. *Vanskil:*

- a) Umsækjandi skal hafa skilað inn áfanga- og/eða lokaskýrslu vegna fyrri verkefna áður en sótt er um styrk til framhaldsverkefnis eða styrks til nýrra verkefna, nema um annað sé samið sérstaklega.
- b) Samningur er gerður um hverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega að 8 vikum liðnum frá tilkynntri úthlutun fellur styrkur niður án viðvörunar.
- c) Hafi styrkhafi ekki skilað lokaskýrslu til viðkomandi starfsmanns SSNV innan þriggja mánaða frá því sem segir í samningi er heimilt að fella styrkinn niður án aðvörunar og krefja styrkhafa um endurgreiðslu hafi hann fengið hluta styrksins þegar greiddan.

Annað:

23. *Trúnaður:* Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra.

24. *Endurskoðun:* Úthlutunarreglur þessar skulu endurskoðaðar árlega.

25. Fagráðum og úthlutunarnefndum er skylt að eyða umsóknargögnum innan 6 mánaða frá því að úthlutun hefur farið fram.

26. *Ábyrgð og hæfi:* Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirbyggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20. gr. Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Sem dæmi, ef nefndarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.
Ef viðkomandi nefndarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá



starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu nán tengsl eru við þá starfsmenn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis. Nefndarmenn og fagráðsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir.

Viðauki 1: Úr lögum nr. 37/1993

■ **21. gr.** *Hvenær veita skal rökstuðning.*

Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt.

Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef:

1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti,
2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum,
3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda.

Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.